

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 2015/310**

2015/EES/55/35

frá 26. febrúar 2015

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið
og um niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 441/2014 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ⁽¹⁾, einkum 1. og 5. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur um samræmda innleiðingu gagnatengingaþjónustu á grunni beinna gagnafjarskipta milli loftfara og jarðstöðva.
- 2) Veitendur flugleiðsöguþjónustu og flugrekendur hafa tilkynnt um tæknileg vandamál við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 29/2009, einkum aftengingar, svokölluð „vinnsluslit hjá þjónustuveitanda“ (e. *Provider Aborts*, PA), í núverandi gagnafjarskiptum milli loftfara og jarðstöðva, sem gera gagnatengingaþjónustu mögulega, en þessi vandamál hafa í för með sér að viðunandi frammistöðustig næst ekki. Af þeim sökum hafa tilteknir veitendur flugleiðsöguþjónustu þegar gert ráðstafanir sem fela í sér að takmarka gagnatengingaþjónustu við loftför, sem eru búin tilteknum rafeindabúnaði, með notkun svonefnds „hvíts lista“, til að ráða bót á hugsanlegum áhrifum vinnsluslita hjá þjónustuveitanda á flugöryggi við starfrækslu gagnatengingaþjónustu.
- 3) Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar lét Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) fara fram rannsókn ⁽³⁾ í því skyni að tilgreina meginorsök eða meginorsakir þessara tæknilegu vandamála og til að leggja til ráðstafanir til að ráða bót á þeim. Rannsóknin leiddi í ljós að ekki væri unnt að rekja þessi tilviljunarkenndu vinnsluslit hjá þjónustuveitanda til einnar fyrirsjáanlegrar orsakar heldur fremur til samverkandi þátta sem tengjast umhverfi fjarskiptatíðni og núverandi framkvæmd grunnvirkis gagnatengingaþjónustunnar sem eins tíðnisviðs. Í ljós kom að þessi mikli fjöldi tilviljunarkenndra vinnsluslita hjá þjónustuveitanda dregur úr frammistöðu netsins sem gæti hugsanlega haft í för með sér áhættu fyrir flugöryggi með því að auka vinnuálag flugmanna og flugumferðarstjóra og skapa ringulreið sem leiðir til þess að næmi á aðstæður tapast.
- 4) Í rannsóknarskýrslu sinni komst Flugöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu að einungis væri unnt að ná viðunandi frammistöðustigi gagnatenginga með því að útfæra grunnvirki með fjöltíðni sem á einnig að hámarka í því skyni að koma í veg fyrir truflanir á fjarskiptatíðni. Flugöryggisstofnun Evrópu mælti með því að koma á fót og hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun til að rannsaka frekar tilgreind tæknileg vandamál og til að fullgilda nauðsynlegar tæknilausnir. Þessar aðgerðir krefjast þó tíma og Flugöryggisstofnun Evrópu mælti því með að dagurinn þegar reglugerð (EB) nr. 29/2009 kemur til framkvæmda og frestimir í þeirri reglugerð verði teknir til endurskoðunar. Flugöryggisstofnun Evrópu mælti einnig með því að æskilegt væri að framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar yrði í höndum útfærslustjórnar eins og um getur í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013 ⁽⁴⁾.
- 5) Í því skyni að fjalla sérstaklega um málefni á sviði flugöryggis í tengslum við gagnatengingaþjónustu, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 29/2009, gaf Flugöryggisstofnun Evrópu þar að auki út, 23. maí 2014, EASA-flugöryggisupplýsingar nr. 2014-14 þar sem mælt er með því að flugrekendur hætti að notast við gagnasamskipti og noti í stað þeirra talsamskipti þegar þeir standa frammi fyrir mörgum vinnsluslitum hjá þjónustuveitanda.
- 6) Í samræmi við tilmæli Flugöryggisstofnunar Evrópu gaf framkvæmdastjórnin sameiginlega fyrirtækinu SESAR fyrirmæli um að semja drög að vinnuáætlun um frekari rannsóknir á tilgreindum vandamálum og um að hrinda í

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 56, 27.2.2015, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtið. ESB L 13, 17.1.2009, bls. 3).

⁽³⁾ Skýrsla Flugöryggisstofnunar Evrópu, „Tæknileg vandamál við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 29/2009“, útgáfa 1.1, 23.4.2014, tilvísun í skjal: 2014_03_24_E4_D_51431_REP_DLS_1.1.

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 409/2013 frá 3. maí 2013 um skilgreiningu sameiginlegra verkefna, um ákvörðun stjórnunarháttá og um tilgreiningu hvata sem styðja við framkvæmd evrópsku mynsturáætlunarinnar um rekstrarstjórnun flugumferðar (Stjtið. ESB L 123, 4.5.2013, bls. 1).

framkvæmd sértækum aðgerðum sem Flugöryggisstofnun Evrópu mælti með. Vinnuáætlunin, eins og sameiginlega fyrirtækið SESAR lagði hana fram, felur í sér tvo rannsóknarfasa og nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta, einkum í tengslum við vandamál varðandi grunnvirki gagnatenginga á jörðu niðri og niðurstöður og fullgildingu tæknilegra lausna í lofti. Búist er við að bráðabirgðaniðurstöður og aðgerðir til úrbóta liggi fyrir árið 2016 en frekari fullgilding getur tekið tvö ár til viðbótar.

- 7) Því ætti að fresta þeim degi þegar reglugerð (EB) nr. 29/2009 kemur til framkvæmda, einkum vegna tæknilegra vandamála og annmarka, sem komið hafa í ljós við framkvæmd á útfærslu grunnvirkis gagnatengingaþjónustu, sem þegar hefur leitt til samþykktar tiltekinna ráðstafana til að draga úr áhættu, ásamt mögulegum áhrifum þeirra á flugöryggi og að því gefnu að gert sé ráð fyrir að nauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum í því skyni að tilgreina vandamálin og annmarkana og ráða bót á þeim verði lokið á árinu 2018.
- 8) Af sömu ástæðum og um getur í 7. forsendu og til að halda samræmi við kröfurnar, sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 29/2009, ætti að breyta tilteknum öðrum frestum sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.
- 9) Til að veita og nota gagnatengingaþjónustu, sem byggist á kröfum um fullgilda getu gagnatengingaþjónustu á jörðu niðri, ætti að breyta dagsetningunum sem kröfurnar um útbúnað á jörðu niðri fyrir loftrýmið, sem skilgreint er í A- og B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009, taka gildi til að tryggja að grunnvirki á jörðu niðri séu til staðar 24 mánuðum áður en kröfurnar, sem varða útbúnað í lofti, taka gildi. Aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á loftrýminu sem skilgreint er í B-hluta sama viðauka, hefur þó nú þegar verið veittur lengri frestur til að uppfylla kröfurnar um grunnvirki gagnatengingaþjónustu á jörðu niðri. Því er ekki lengur réttlætjanlegt, að því er varðar gildistökudagsetningarnar, að gera greinarmun á loftrýmum sem skilgreind eru í A- og B-hluta þessa viðauka.
- 10) Þar að auki ætti að breyta dagsetningunni þar sem krafist er að flugrekendur hafi tryggt að loftför hafi getu til að nota gagnatengingaþjónustu í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 þannig að hún samrýmist þeirri breyttu dagsetningu þegar sú reglugerð kemur til framkvæmda. Að því er varðar þessar kröfur um getu til að nota gagnatengingaþjónustu er enn fremur ekki lengur réttlætjanlegt að gera greinarmun á loftförum á grundvelli dagsetningar einstakra lofthæfivottorða þeirra. Undanþágur tiltekinna gerða loftfara frá þessum kröfum, sem og sértækar reglur um ný ríkisloftför til flutninga, ættu þó að halda gildi sínu og breyta ætti viðkomandi dagsetningum til samræmis við það til að varðveita raunveruleg áhrif þessara reglna. Einungis ætti að viðhalda núverandi dagsetningum um undanþágur, sem tengjast loftförum með sérstök lofthæfivottorð, sem voru fyrst gefin út fyrir 1. janúar 2014 og eru búin gagnatengingabúnaði, sem er vottaður samkvæmt einu af viðeigandi skjölum Evrópusamtaka um búnað í almenningssflugi, a.m.k. fyrst um sinn, þar sem ekki eru fyrir hendi skýr og sannfærandi gögn sem rökstyðja breytingu þeirra.
- 11) Ráðstafanirnar, sem eru settar fram í þessari reglugerð, einkum breyting á dagsetningunni þegar reglugerð (EB) nr. 29/2009 kemur til framkvæmda, skulu hvorki hafa áhrif á fyrirliggjandi möguleika varðandi aðlögun á flugleiðsögugjöldunum, sem um getur í 16. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 ⁽⁵⁾, né úthlutun afgreiðslutíma af hálfu flæðisstjórnunar flugumferðar (ATFM) í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 ⁽⁶⁾, nema nauðsynlegt sé að ráða bót á vandamálum á sviði flugöryggis, sem gætu komið upp í þessu sambandi, til að taka tillit til þeirrar staðreyndar að tilteknir flugrekendur gætu nú þegar hafa útbúið eða munu, að eigin vali, útbúa loftför sín með getu til að nota gagnatengingaþjónustu, áður en kemur að hinni breyttu framkvæmdardagsetningu reglugerðarinnar, og að tilteknir veitendur flugumferðarþjónustu hafa nú þegar innleitt grunnvirki fyrir gagnatengingaþjónustu á jörðu niðri.
- 12) Samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 441/2014 ⁽⁷⁾ á að bæta loftrými Króatíu við loftrýmið sem reglugerð (EB) nr. 29/2009 gildir um. Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 441/2014 gildir þó aðeins frá og með 5. febrúar 2016. Með tilliti til breytingar á reglugerð (EB) nr. 29/2009, ætti því, fyrir skýrleika sakir, að fella úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 441/2014 og fella breytingarnar, sem voru samþykktar í þeirri reglugerð, inn í þessa reglugerð.
- 13) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 29/2009 til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 ⁽⁸⁾.

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 391/2013 frá 3. maí 2013 um sameiginlegt gjaldtökukerfi fyrir flugleiðsögugjónustu (Stjtið ESB L 128, 9.5.2013, bls. 31).

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010 frá 25. mars 2010 um sameiginlegar reglur um flæðisstjórnun flugumferðar (Stjtið. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 10).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 441/2014 frá 30. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtið. ESB L 130, 1.5.2014, bls. 37).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 29/2009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 1. gr.:

„3. Þessi reglugerð gildir um öll flug, sem starfrækt eru sem almenn flugumferð í samræmi við blindflugsreglur innan loftrýmisins fyrir ofan fluglag 285 (FL 285), sem skilgreint er í A- og B-hluta I. viðauka.“

2) Í stað 2., 3., 4. og 5. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um 3. mgr. skulu flugrekendur tryggja að loftför, sem eru notuð við starfrækslu flugsins, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., hafi getu til að nota gagnatengingaþjónustuna, sem skilgreind er í II. viðauka, frá og með 5. febrúar 2020.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um:

- a) loftför með sérstakt lofthæfivottorð, gefið út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2014, sem útbúin eru með gagnatengingabúnaði, sem vottaður er með tilliti til krafanna í einu af skjölum Evrópusamtaka um búnað í almenningssflugi, sem tilgreint er í 10. lið í III. viðauka,
- b) loftför sem hafa sérstakt lofthæfivottorð, gefið út fyrir 31. desember 2003, og sem hætt verður að starfrækja í loftrýminu, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., fyrir 31. desember 2022,
- c) ríkisloftför,
- d) loftför sem fljúga innan loftrýmisins, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., vegna prófana, afhendingar, viðhalds eða hafa tímabundið óvirka kerfishluta gagnatengingarinnar, með skilyrðum, sem tilgreind eru í gildandi lista yfir lágmarksbúnað, sem krafist er í 1. lið í III. viðauka og reglugerð (EB) nr. 216/2008 og framkvæmdarreglum hennar.

4. Aðildarríki sem ákveða að útbúa nýjar tegundir ríkisloftfara til flutninga, sem teknar verða í notkun eftir 1. janúar 2019, með getu til gagnatengingar, sem byggjast á stöðlum sem ekki tengjast eingöngu kröfum um hernaðaraðgerðir, skulu tryggja að þessi loftför hafi getu til að nota gagnatengingaþjónustuna sem skilgreind er í II. viðauka.“

3) Í annarri málsgrein 15. gr. komi „5. febrúar 2018“ í stað dagsetningarinnar „7. febrúar 2013“.

4) Í B-hluta I. viðauka bætist við eftirfarandi á eftir færslunni „— Warszawa FIR“: „— Zagreb FIR,“.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 441/2014 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.